

Nefnd um atvinnumál

Fundur var haldinn í nefnd um Atvinnumál hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 20. ágúst 2009 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnabúð, og hófst fundurinn kl. 15:00

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Sóley Tómasdóttir, Markús H. Guðmundsson, Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

Ellý, Rafn, Helga Björg, Ragnar og Jórunn boðuðu forföll

Petta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar lögð fram.

1. Hugmyndahús háskólanna

Rætt um aðkomu Reykjavíkurborgar að hugmyndahúsi háskólanna og möguleika þess að manna húsvarðastöðu og leggja til húsgögn. Fram kom að stjórn Faxaflóahafna hefði hafnað því að leggja til fjármagn fyrir stöðu húsvarðar.

Reykjavíkurborg á ekki fulltrúa í stjórn hússins en eftir atvikum rétt að borgin eigi fulltrúa og hefur því verið vel tekið af framkvæmdastjóra Hugmyndashúss.

Atvinnumálanefnd með opinn fund í vetur með grasrótinni.

2. Atvinnuleysi

Sigurður dreifði gögnum yfir atvinnuleysi. Atvinnuleysi er jafnan minnst yfir sumarmánuðina, en árstíðarsveiflan er mun meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er munurinn sem nú er á atvinnuleysi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð mun meiri en svo að árstíðarsveifla útskýri. Atvinnuleysi er líka meira í júlí í Reykjavík en annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

3. Staðan á átaksverkefnum

Markús fór yfir stöðu verkefna hjá borginni í sumar. 1800 ungmenni voru án atvinnu

Enn á eftir að koma í ljós hversu stór hluti þessara ungmenna skilar sér í skóla.

Hugmyndir um að halda áfram verkefnum frá síðasta vetri og keyra þau í vetur.

Markús gerði sérstaka grein fyrir starfseminni í Austurbæ.

Viðræður við eiganda Asuturbæjar (Landsbanka) hafa verið um afnot af húsinu í vetur og möguleiki að hafa Austurbæ út febrúarmánuð 2010.

Rætt um nauðsyn þess að kynna húsið vel fyrir framhaldsskólum.

4. Setja af stað vinnu við mat á sumrinu m.t.t. unga fólksins

Rætt um aðkomu Vinnuskólinn, ÍTR, VUF, Velferðarsviðs, ungmennaráráðin og Mannauðsstjóra. Kalla eftir upplýsingum sem verður svo unnið úr á ek. hugmyndadegi.

5. Ráðstefna í samstafi vinnumálastofnun á haustmisseri þar sem áhrif vinnumarkaðsaðgerað af ýmsu taki verða undir.

Sigurður Snævarr skipaður ábyrgðamaður verkefnisins.

6. Málþing í samstarfi við Menntamálaráðuneyti þar sem sameiginleg ábyrgð ríkis og borgar/sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á framhaldsskólanemum verða undir.

Málið rætt.

7. Hugmyndasmiðja um sköpun starfa á sviðum borgarinnar.

Lagt til að skrifstofa borgarstjóra komi að skipulagningu þess.

8. Heimsókn í Austurbæ

Agnar Jón Egilsson umsjónarmaður Austurbæjar kynnti starfsemi hússins og sýndi nefndarmönnum húsið.

Fundi slitið kl. 17:15.